

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. nóvember 2019 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-6/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 15. janúar 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst afsláttar af kaupverðinu auk greiðslu hluta af viðgerðarkostnaði.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 16. janúar 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var henni veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 1. mars 2019. Sama dag voru andsvörin send til álitsbeiðanda og henni bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdirnar 6. mars 2019. Athugasemdirnar voru sendar seljanda sama dag og henni bent á heimild til að senda inn andsvör vegna athugasemdanna. Seljandi nýtti sér þá heimild og bárust frekari andsvör 6. mars 2019. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 15. nóvember 2019, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000, af gerðinni Toyota Yaris, árgerð 2007, þann 13. ágúst 2018 fyrir 500.000 krónur. Bifreiðinni hafði verið ekið 142.549 km við kaupin. Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin og að seljandi hafi haldið upplýsingum leyndum um bifreiðina. Bifreiðin fór í árlega skoðun fyrir kaupin og voru engar athugasemdir gerðar aðrar en að strekkja yrði á handbremsu.

Í álitsbeiðni og gögnum málsins kemur fram að bifreiðin bilaði um það bil mánuði eftir kaupin vegna stimpils í innspýtingu. Álitsbeiðandi upplýsti seljanda um þá viðgerð og sagðist að endingu ætla að bera kostnaðinn sjálf þar sem um almennt slit væri að ræða. Álitsbeiðandi hefur lagt gögn fyrir nefndina sem staðfesta að viðgerð var framkvæmd á bifreiðinni 13. september 2018 fyrir 41.161 krónur. Var viðgerð framkvæmd vegna spjaldhúss bifreiðarinnar og skipt um rafhlöðu í fjarstýringu. Reikningur, dags. 7. nóvember 2018, staðfestir frekari viðgerðir og bilanir í bifreiðinni. Að sögn álitsbeiðanda tekur sá reikningur til viðgerða númer 2, 3 og 4 sem voru framkvæmdar frá því í september 2018 til 7. nóvember 2018. Var skipt um hráolíu,- og eldsneytissíu í þeim viðgerðum, EGR ventill var blindaður og svokallaður „power heater“ takki var losaður. Þá fór fram bilanagreining þar sem í ljós kom að handbremsa væri í ólagi, mögulega vegna handbremsubarka. Einnig voru bremsur yfirfarnar og í ljós kom að dælur voru fastar að framan og að aftan, þörf var á nýjum bremsudiskum, borðum og festingasetti (gormasetti). Þá var einnig talin þörf á „útiherlum“ að aftan, hnökur var í legu hægra megin að aftan auk þess sem þörf var á nýjum EGR ventli. Samkvæmt gögnum verkstæðisins var áætlaður kostnað við EGR ventil og vinnu um 78.000 krónur og vinna við bremsur um 130.000 krónur. Frekari viðgerðir voru ekki framkvæmdar á þeim tíma en álitsbeiðandi greiddi samtals 90.248 krónur fyrir bilanagreininguna og þær viðgerðir sem framkvæmdar voru.

Að sögn álitsbeiðanda fór síðar fram viðgerð á bremsum bifreiðarinnar sem kostaði alls 122.726 krónur vegna kaupa á varahlutum, en álitsbeiðandi hefur ekki lagt fram reikning því til staðfestingar. Í kjölfarið fór álitsbeiðandi með bifreiðina í aðalskoðun þann 6. febrúar 2019. Bifreiðin stóðst hins vegar ekki skoðunina vegna athugasemda um stöðuljós, aftari fóðringar í framspyrnum, fjaðrabúnaðar og stífufestis, þar sem gormur var brotinn hægra megin að framan. Álitsbeiðandi fór því aftur með bifreiðina í viðgerð þann 8. febrúar 2019. Samkvæmt framlögðum gögnum var kostnaður vegna viðgerðarinnar, sem skráð var á fyrirtækið Z, alls að fjárhæð 106.094 krónur. Í viðgerðinni var gert við og skipt um spyrnur, gorma og fastabolta.

Álitsbeiðandi segir að hún hafi ekki fengið afhenta smurbók með bifreiðinni sem sýni fram á viðhald bifreiðarinnar frá upphafi. Seljandi afhenti álitsbeiðanda aðeins smurbók sem var frá þeim tíma sem seljandi keypti bifreiðina, þrátt fyrir að seljandi hafi fullyrt að hún ætlaði að senda upprunalega smurbók í pósti til álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi bendir einnig á að seljandi hafi haft upplýsingar um að bifreiðin hafi lent í tjóni hjá fyrri eiganda, sem m.a. hafi skipt um frambretti á bifreiðinni, en ekki greint frá því við söluna. Að sögn álitsbeiðanda verður erfitt að selja bifreiðina þar sem hún var áður í eigu tryggingarfélags. Álitsbeiðandi segir að seljandi hafi fullyrt að bifreiðin væri í góðu lagi og hafi ekki bilað á þeim tveimur árum sem bifreiðin var í hennar eigu auk þess sem vel hafi verið hugsað um bifreiðina. Þá hafi bifreiðin einnig verið innkölluð vegna bilunar í loftpúðum fyrir um tveimur árum en seljandi hafi „hunsað það“.

Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði helming viðgerðarkostnaðar auk þess sem henni verði veittur afsláttur af kaupverði bifreiðarinnar vegna galla.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að við kaup á bifreiðinni hafi álitsbeiðandi skoðað bifreiðina með prufukeyrslu á meðan maki hennar beið hjá seljanda. Í kjölfarið hafi álitsbeiðandi skoðað bifreiðina stuttlega og ákveðið að kaupa bifreiðina. Seljandi kveðst hafa spurt álitsbeiðanda hvort hún vildi láta söluskoða bifreiðina en álitsbeiðandi hafi neitað því. Seljandi segist þá hafa sagt álitsbeiðanda að hún ætti eftir að fara með bifreiðina í árlega skoðun og var ákveðið að ganga frá sölunni eftir að bifreiðin fengi skoðun. Seljandi kveðst einnig hafa upplýst álitsbeiðanda við skoðunina um að bifreiðin hafi lent í smávægilegu óhappi hjá fyrri eiganda þar sem skipt var um stuðara, en þær upplýsingar fékk seljandi frá fyrri eiganda. Í gögnum málsins kemur fram að seljandi hafi selt bifreiðina á nokkuð lágu verði þar sem hún kvaðst vera í tímaþröng vegna ferðalags erlendis. Segir seljandi að hún hafi keypt bifreiðina fyrir tveimur árum fyrir 1.200.000 krónur.

Þann 13. ágúst 2018 var svo gengið frá kaupunum og skrifað undir kaupsamning og afsal bifreiðarinnar. Seljandi bendir á að bifreiðin hafi verið seld eftir að hafa fengið skoðun og seljandi hafi því gengið út frá því að bifreiðin væri í lagi. Seljandi segist ekki hafa mikið vit á bifreiðum en hún hugsi þó samviskusamlega um bifreiðar sínar og sinni viðhaldi með fullnægjandi hætti. Þá segir seljandi að bifreiðin hafi reynst henni vel og engin bilun hafi komið upp á þeim tveimur árum sem hún átti bifreiðina.

Álitsbeiðandi hafði samband við seljanda þegar bilun kom upp í ventli bifreiðarinnar en sagðist að endingu ætla að bera þann kostnað sjálf. Síðar lét álitsbeiðandi gera við bifreiðina vegna annarra atriða án samráðs við seljanda. Að sögn seljanda fékk hún síðar send gögn frá álitsbeiðanda vegna viðgerðarkostnaðarins og krafðist álitsbeiðandi þess að seljandi tæki þátt í viðgerðarkostnaðinum.

Seljandi telur að álitsbeiðandi hafi átt að skoða bifreiðina betur og fara með hana í ástandsskoðun enda hafi bifreiðin verið seld í núverandi ástandi á 500.000 krónur. Þá telur seljandi að um almennt slit sé að ræða í eldri bifreið sem hefði komið í ljós í söluskoðun. Seljandi telur sig ekki þurfa að bera ábyrgð á bilunum í svo gamalli bifreið.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda segir álitsbeiðandi að seljandi hafi ekki upplýst um nokkuð óhapp við skoðun á bifreiðinni. Álitsbeiðandi bendir á að bifreiðin hafi verið „handónýt“ sem gefi til kynna að viðhaldi hafi ekki verið sinnt. Segist álitsbeiðandi hafa fengið þær upplýsingar að í skoðun hafi sama athugasemd verið gerð við bifreiðina tvö ár í röð sem sýni fram á að viðhaldi var ekki sinnt.

Álitsbeiðandi kveðst ávallt hafa látið seljanda vita þegar bifreiðin fór í viðgerð og því hafi seljandi haft tækifæri til að grípa inn í aðstæður frá upphafi. Þá segir álitsbeiðandi að bifreiðin hafi verið óökufær nánast frá kaupunum og ekki hafi komið í ljós að um bilun í ventli væri að ræða fyrir en í lok september 2018. Hafi álitsbeiðandi á þeim tíma þurft að taka leigubifreið til að komast milli staða eða fá aðra til að keyra sig. Álitsbeiðandi ítrekar einnig að seljandi hafi hunsað innköllun bifreiðarinnar frá umboðsaðila framleiðanda hér á landi vegna galla í loftpúða. Álitsbeiðandi bendir á að hún hefði aldrei fest kaup á bifreiðinni ef hún hefði vitað að um tjónabifreið væri að ræða.

VI

Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum sínum bætir seljandi því við að hún hafi ekki fengið tilkynningu um að bifreiðin ætti að fara í loftpúðaskipti á þeim tíma sem hún átti bifreiðina.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Líkt og framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 þann 13. ágúst 2018 fyrir 500.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2007 og var því 11 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 142.549 km við kaupin. Í kaupsamningi sem aðilar gerðu sín á milli vegna kaupanna kemur m.a. eftirfarandi fram: „Ökutæki selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við“.

Kærunefndin álitur að um kaupin gildi 19.-20. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 (hér eftir lkpl.), en þar segir m.a. eftirfarandi:

19. gr. Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Þá segir í 1. mgr. 20. gr. lkpl. að kaupandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Ef kaupandi hefur rannsakað söluhlut fyrir kaupin eða án gildirar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig sem galla þau atriði sem hann hefði mátt sjá

við skoðun, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans hefur að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í c-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur sér ekki fært að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana, sbr. a-lið 1. mgr. 19. gr. Íkpl. Almennar yfirlýsingar seljanda um að bifreiðin sé í góðu lagi, hafi ekki bilað og vel hafi verið hugsað um hana, geta ekki leitt til þess að bifreiðin verði talin gölluð á þeim grundvelli þrátt fyrir þá staðreynd að bifreiðin hafi bilað stuttu eftir kaupin. Telur nefndin jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina og honum voru ljós, sbr. b-lið 1. mgr. 19. gr. Íkpl. Gögn málsins sýna ekki fram á að seljanda hafi verið kunnugt um sérstaka annmarka á bifreiðinni fyrir söluna. Verður í því tilliti m.a. að líta til þess að bifreiðin fór í skoðun fyrir söluna og voru ekki gerðar athugasemdir við þau atriði sem síðar biluðu í bifreiðinni. Þá liggur ekki fyrir að seljanda hafi verið ljóst að bifreiðin hafi lent í „tjóni“ líkt og álitsbeiðandi heldur fram. Í gögnum málsins kemur fram að seljanda var kunnugt um að smávægilegt óhapp hafi átt sér stað þegar bifreiðin var í eigu fyrri eiganda og skipt hafi verið um frambretti af þeim sökum. Ágreiningur er milli aðila um það hvort seljandi hafi veitt álitsbeiðanda þær upplýsingar fyrir kaupin. Hins vegar liggur ekki fyrir að bifreiðin hafi lent í meiriháttar tjóni eða að seljanda hafi verið kunnugt um slíkt. Er því ekki unnt að slá því föstu að um galla sé að ræða í skilningi b-liðar 1. mgr. 19. gr. Íkpl., þrátt fyrir að upplýsingagjöf seljanda hefði mátt vera ítarlegri. Þá hefur áhrif í þessu sambandi að reglur um upplýsingaskyldu og upplýsingagjöf seljanda verður að skoða með hliðsjón af rannsóknarskyldu kaupanda, sbr. 20. gr. Íkpl.

Stendur þá eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið til muna verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. c-lið 1. mgr. 19. gr. Íkpl.

Bifreiðin fór í árlega skoðun fyrir kaupin og voru engar athugasemdir gerðar við ástand hennar í þeirri skoðun aðrar en að strekkja verði á handbremsu. Þann 13. september 2018 var skipt um rafhlöðu í fjarstýringu og spjaldhús sem álitsbeiðandi greiddi auk þess sem skipt hefur verið um stimpil. Í bilanagreiningu, sem dagsett er í gögnum málsins þann 7. nóvember 2018, kom í ljós að handbremsa væri í ólagi, mögulega vegna handbremsubarka. Einnig kom í ljós í bilanagreiningunni að þörf væri á mikilli yfirhalningu á bremsubúnaði bifreiðarinnar sem álitsbeiðandi lét síðar framkvæma og kveðst hafa greitt 122.726 krónur fyrir. Þá var talin þörf á nýjum EGR ventli. Í árlegri skoðun bifreiðarinnar fyrir kaupin var gerð athugasemd við handbremsu bifreiðarinnar og er því ekki unnt að líta svo á að um leyndan galla hafi verið að ræða. Bilunin í bremsum bifreiðarinnar stafaði af því að bremsudælur voru fastar og þörfuðust viðhalds, kaupa varð nýja bremsudiska, borða og gormasett. Einnig kom í ljós að þörf var á nýjum EGR ventli. Að áliti kærufndarinnar er ekki unnt að líta á slíka bilun sem leyndan galla í skilningi laga um lausafjárkaup þar sem um slithluti er að ræða og þörf er á nauðsynlegu viðhaldi reglulega við rekstur bifreiða. Engar athugasemdir voru gerðar við bremsur bifreiðarinnar í almennri skoðun fyrir kaupin og er ekki unnt að fullyrða hvort að skoðunaraðila hafi yfirsétt ástandið á bremsubúnaðinum eða hvort það hafi versnað eftir kaupin. Þó verður að telja líklegt að meint slæmt ástand á bremsunum hefði komið í ljós í söluskoðun ef hún hefði farið fram, en slík skoðun er nokkuð ítarlegri en almenn lögbundin skoðun.

Eftir lögbundna ástandsskoðun bifreiðarinnar 6. febrúar 2019 kom í ljós að framkvæma varð nokkrar viðgerðir á bifreiðinni til viðbótar. Álitsbeiðandi fór því aftur með bifreiðina í viðgerð þann 8. febrúar 2019 sem kostaði alls 104.094 krónur. Var sú greiðsla skráð á fyrirtækið Transporter ehf., en þar var skipt um spyrnur, gorma og fastabolta.

Álitsbeiðandi hefur bent á að seljandi hafi vanrækt að láta skipta út loftpúðum í bifreiðinni þrátt fyrir innköllun vegna galla. Innköllun var gefin út af hálfu umboðsaðila framleiðanda hér á landi vegna loftpúða Toyota Yaris bifreiða, m.a. árgerðum 2007. Var tilkynning þess efnis birt 11. ágúst 2015 og eigendum í kjölfarið send bréf vegna innköllunarinnar. Viðbót vegna þeirrar innköllunar var birt 15. nóvember 2016 þar sem fram kom að skipt yrði um loftpúða eigendum að kostnaðarlausu í tilteknum bifreiðum til viðbótar við þær sem höfðu verið innkallaðar rúmlega ári áður. Ekki liggur fyrir hvort bifreið álitsbeiðanda hafi verið ein þeirra bifreiða sem fyrri innköllunin tók til eða sú seinni, en af því sem fram kemur í gögnum málsins var bifreiðin ekki í eigu seljanda þegar fyrri innköllunin var gefin út. Allt að einu er ekki unnt að slá því föstu að álitsbeiðandi hafi orðið fyrir tjóni vegna þess að innkölluninni var ekki sinnt, þar sem engin gögn þess efnis hafa verið lögð fyrir kæruneftndina. Að sama skapi getur kæruneftndin ekki fallist á fullyrðingu álitsbeiðanda um að bifreiðin sé „tjónabifreið“ sem valdi því að álitsbeiðandi muni eiga erfitt með að selja bifreiðina. Hafa engin gögn þess efnis verið lögð fram í málinu.

Álitsbeiðandi hefur greitt verulegar fjárhæðir vegna viðhalds á bifreiðinni líkt og að framan greinir. Um 11 ára gamla bifreið var að ræða sem keypt var á 500.000 krónur. Hafði bifreiðinni verið ekið 142.549 km. fyrir kaupin. Verð á notuðum bifreiðum á þessum aldri getur verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana. Telja verður að kaupverð umræddrar bifreiðar hafi verið nokkuð lægra heldur en algengt söluverð bifreiða af sömu gerð. Hafði álitsbeiðandi jafnframt sérstaka ástæðu til að skoða bifreiðina vel áður en hún ákvað að festa kaup á henni vegna aldurs og aksturs bifreiðarinnar. Álítur kæruneftndin af þeirri ástæðu að álitsbeiðandi hafi ekki uppfyllt skoðunarskyldu sína að fullu við kaupin, sbr. 20. gr. lkpl.

Þá bendir nefndin á að ekki er unnt að ætlast til þess að bifreiðar sem hafa náð 11 ára aldri muni ekki þarfnast viðhalds eða viðgerða. Er raunar iðulega kominn tími á margvíslegar endurbætur eða viðgerðir í slíkum bifreiðum líkt og raun varð í tilfelli álitsbeiðanda.

Er það því mat kæruneftndarinnar með hliðsjón af öllu framangreindu að ekki sé unnt að slá því föstu að bifreiðin hafi verið haldin göllum í skilningi c-liðar 1. mgr. 19. gr. lkpl. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VIII Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson